

## AUGLÝSING

### um umferð í Dalvíkurbyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar, hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið eftirfarandi:

1. Á Árskógssandi verði hámarkshraði ökutækja lækkaður í 50 km/klst. frá þéttbýlismörkum við Sólvelli að hraðahindrun við Öldugötu, þaðan sem hámarkshraði verði 30 km/klst. að hafnar­svæði.
2. Á Hauganesi verði hámarkshraði ökutækja lækkaður í 30 km/klst. frá þéttbýlismörkum og að hafnar­svæði.
3. Að hámarkshraði ökutækja verði lækkaður í 30 km/klst. á þjóðveginum í gegnum Dalvík á svæði sem afmarkast af hraðahindrun við Gunnarsbraut 2 að norðan og hraðahindrun norðan við Skíðabraut 21 að sunnan.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Dalvíkur­byggð sem þrjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 20. mars 2019.*

**Halla Bergþóra Björnsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2019